

Hagvísir Vesturlands

Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga


Skýrsla nr. 2 2007
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Höfundur er atvinnuráðgjafi hjá SSV

Inngangur

Nýliðun fyrirtækja er talin vera vísbending um heilbrigða markaði, markaði sem eru líklegri til að mynda viðunandi samkeppni. Samkeppni veitir síðan atvinnurekendum aðhald þannig að þeir veiti góða þjónustu og haldi vöruverði ekki of háu.

Í lok janúar 2007 voru gefnar út tölur hjá Hagstofu Íslands yfir nýskráð hlutafélög og einkahlutafélög á árunum 2002 – 2006. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir víðtækum umbótum í skattamálum einstaklinga og atvinnulífs, til að gera íslenskt skattaumhverfi samkeppnishæft í samanburði við önnur lönd, gerði það að verkum að mikil aukning varð á nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga árið 2002. Þessar skattabreytingar tóku gildi 1. janúar 2003 og lækkaði tekjuskattur fyrirtækja almennt úr 30% í 18%. Margir einyrkjar notuðu tækifærið og stofnuðu einkahlutafélag til þess að nýta sér þetta skattahagræði og útskýrir það að stórum hluta mikla aukningu á skráningum árið 2002 og gætir áhrifanna einnig árið 2003. Þessar breytingar á tekjuskatti fyrirtækja koma vel í ljós þegar skoðaðar eru nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á tímabilinu en mikil aukning er í upphafi tímabilsins en dragast síðan saman. Skráningar aukast síðan aftur árið 2006 en það ár var metár í fjölda nýskráðra félaga, en 71% þeirra var með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í nýjustu Hagtíðindum um nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga að heildarfjöldi skráðra hlutafélaga var rúmlega 27.000 í lok ársins 2006 og 12.000 félaganna greiddu laun.



Mynd 1: Landfræðilegur breytileiki eftir nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga árið 2006.

Eins og fram hefur komið voru langflestar nýskráningarnar á höfuðborgarsvæðinu eða 71% allra nýskráninga árið 2006. Aðeins 3% nýskráninga voru á Vesturlandi en þeim fjölga í öllum landshlutum nema á Vesturlandi og á Vestfjörðum þar sem nýskráningum fækkar lítillega frá fyrra ári. Suðurland var með næstflestar skráningar árið 2006 eða 7% og Norðurland eystra og Suðurnes fylgdu á eftir með 6%. Á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra var hlutfall nýskráninga 2% árið 2006 en mynd 1 sýnir breytileika eftir nýskráningum árið 2006. Dekksti liturinn sýnir hvar skráningar eru flestar en liturinn lýsist eftir því sem þeim fækkar.

Ef nýskráningar eru flokkaðar eftir atvinnugreinum, eru flestar þeirra á sviði fasteignaviðskipta, leigustarfsemi eða ýmissa sérhæfðar þjónustu á árunum 2002 til 2006, en þær voru 41% af öllum nýskráningum árið 2006.

Landsbyggðin var með meira en helming nýskráninga í 2 af 20 atvinnugreinum, þ.e í smábataútgerð og leigu á vinnuvélum með stjórnanda.

Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 2002 til 2006

Í þessum kafla verða tölur yfir nýskráningar á árunum 2002 – 2006 skoðaðar en þær eru flokkaðar eftir gömlu kjördæmunum. Í töflu 1. má sjá hvernig þróunin hefur verið á tímabilinu í kjördæmunum en fyrst má sjá hvernig þróunin hefur verið á öllu landinu.


Tafla 1: Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir kjördæmum, árin 2002 til 2006. Heimild: Hagstofa Íslands.

Svæði	2002	2003	2004	2005	2006
Landið allt	3120	2389	2517	2938	3191
Höfuðborgarsvæðið	2065	1650	1825	2120	2269
Suðurnes	135	128	108	151	182
Vesturland	179	107	92	98	94
Vestfirðir	128	72	49	61	57
Norðurland vestra	71	47	51	66	76
Norðurland eystra	204	166	161	166	189
Austurland	135	84	89	77	90
Suðurland	203	135	142	199	234

Í töflunni má sjá að á Vesturlandi er töluverður samdráttur, en fram kemur að árið 2002 voru nýskráningar 179 en árið 2006 eru þær 94. Þetta er samdráttur uppá 85 skráningar en borið saman við önnur kjördæmi er aðeins Vestfirðir með meiri samdrátt í skráningum á þessum árum. Á fjórum svæðum er samdráttur í skráningum en það eru auk Vesturlands og Vestfjarða, Austurland og Norðurland eystra. Aukning hefur verið í skráningum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum Suðurlandi og á Norðurlandi vestra. Þetta er á vissan hátt ákaflega þversagnarkennt. Samkvæmt skýrslu Bygðastofnunar (http://www.byggdastofnun.is/skrar/File/Skyrslur/Hagvoxtur_1998-2005.pdf) þá var hagvöxtur hvergi lakari en einmitt á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra á svipuðum tíma en framkvæmdir hvergi meiri en á Austurlandi. Að sumu leiti er þetta þó skiljanlegt, á Austurlandi hafa framkvæmdir verið vinnuafsfrekar og á vissan hátt rutt nýframkvæmdum úr vegi en hagvöxtur hefur verið mikill á svæðinu. Hins vegar hefur hagvöxtur verið neikvæður á Norðurlandi vestra en nýskráningar á svæðinu hafa aukist mjög mikið. Staða Vesturlands og Norðurlands eystra meðal þessara landshluta er ákaflega sérstök í þessu ljósi þar sem hagvöxtur hefur verið jákvæður í landshlutunum báðum en nýskráningar félaga dregist mjög saman.

Hlutfallsleg breyting nýskráninga

Í samanburði sem þessum er erfitt að sjá hver raunveruleg aukning er þegar tölurnar eru misstórar í útgangspunktinum. Þess vegna er gagnlegt að umreikna tölurnar þannig að þær sýni hlutfallslega breytingu. Við völdum að útbúa vísitölu sem sýnir þessa hlutfallslegu þróun og má sjá hana myndræna á mynd 2 og 3.




Mynd 2: Þróun á nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir völdum kjördæmum, árin 2002 til 2006.

Vesturland var fyrst borið saman við höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Suðurland. (*mynd 1*).

Á myndinni er vísitala Vesturlands græn, Höfuðborgarsvæðisins blá, Suðurness rauð og Suðurlands fjólublá. Í þessum samanburði sker Vesturland sig frá hinum þremur þar sem samfelldur samdráttur hefur verið í skráningum á svæðinu frá árinu 2002. Hins vegar hefur nýskráningum fjölgað aftur í hinum kjördæmunum frá árinu 2003 og þá hlutfallslega mest á Suðurnesjum.


Á landinu öllu var hlutfallsleg aukning 2,3%, á höfuðborgarsvæðinu tæp 10% og á Suðurlandi rúm 15%. Hlutfallsleg aukning var mest á Suðurnesjum eða 34,8%.



Mynd 3: Þróun á nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir völdum kjördæmum, árin 2002 til 2006.


Mynd 3 sýnir Vesturland borið saman við önnur kjördæmi á landsbyggðinni en það eru Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra og Austurland. Á henni má sjá að samdráttur er í öllum kjördæmum á milli árána 2002 til 2003 en síðan hefur Norðurland skorið sig úr þar sem fjölgun nýskráninga hefur verið mun meiri þar en í öðrum kjördæmum. Hlutfallslegur samdráttur á Vesturlandi var 47,5% á tímabilinu. Á Vestfirðum var hann 55,5%, rúmlega 33% á Austurlandi, og rúm 7% á Norðurlandi eystra.

Mikill samdráttur er í öllum kjördæmum á milli árána 2002 og 2003. Á Vesturlandi hefur verið mikið af starfandi einyrkjum svo sem smábáta sjómenn. Áætla má að þessir einstaklingar hafi skráð útgerð sína sem einkahlutafélag árið 2002 eða þegar skattar á lögaðila voru lækkaðir og sama má m.a áætla með Vestfirði. Þetta getur skekkt myndina um raunverulega nýliðun og getur gefið til kynna meiri samdrátt en í raun. Því var útbúin vísitala með grunnárinu 2003 í stað 2002 eins og gert var á mynd 1. og 2. og þá sést hver þróunin hefur verið eftir að áhrifa skattalækkunar á lögaðila hefur dvínað.



Mynd 4: Þróun á nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir völdum kjördæmum, árin 2003 til 2006.

Á mynd 4 má sjá Vesturland borið saman við höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Suðurland frá árinu 2003 og kemur þá bersýnilega í ljós hvað Vesturland hefur dregist aftur úr í nýskráningum í samanburði við þessi kjördæmi.



Mynd 5: Þróun á nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir völdum kjördæmum, árin 2003 til 2006.

Mynd 5 sýnir Vesturland borið saman við önnur kjördæmi á landsbyggðinni en það eru Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra og Austurland. Á henni má sjá að samdráttur er eins og fyrir hvergi meiri en á Vesturlandi og Vestfjörðum. Á Austurlandi hefur einnig verið samdráttur á tímabilinu en Norðurland vestra sker sig úr þar sem stöðug aukning hefur verið á nýskráningum þar frá árinu 2003.

Nýskráningar á hverja þúsund íbúa eftir kjördæmum

Að einhverju leyti er hægt að útskýra mismun á fjölda nýskráninga út frá mannfjölda í kjördæmunum. Í þessum kafla ætlum við að skoða nýskráningar á hverja þúsund íbúa eftir kjördæmum.

Þegar nýskráningar eru bornar saman á milli sömu svæða, að teknu tilliti til mannfjölda, þá eru flest nýskráð félög á höfuðborgarsvæðinu en þar á eftir á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi.

Tafla 2: Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á hverja þúsund íbúa, eftir kjördæmum árin 2002 til 2006.

Svæði	2002	2003	2004	2005	2006	Breyt á röð
Höfuðborgarsvæðið	11,5	9,1	9,9	11,3	11,8	2
Suðurnes	8,0	7,6	6,3	8,4	9,6	2
Vesturland	12,3	7,4	6,4	6,6	6,3	-5
Vestfirðir	16,0	9,2	6,4	8,1	7,6	-4
Norðurland vestra	7,7	5,1	5,7	7,4	10,2	5
Norðurland eystra	7,6	6,2	6,0	6,1	6,6	2
Austurland	11,5	7,1	7,2	5,6	5,9	-4
Suðurland	9,5	6,3	6,5	8,9	10,2	2


Ef Vesturland er skoðað sérstaklega þá er hlutfallslegur samdráttur 49% á tímabilinu, fer úr 12,3 árið 2002 niður í 6,3 skráningar á hverja þúsund íbúa árið 2006. Sami hlutfallslegi samdráttur er á Austurlandi, á Vestfirðum var hlutfallslegur samdráttur 53% og á Norðurlandi eystra var hann 13%. Hlutfallsleg aukning er mest á Norðurlandi Vestra eða 32% en þar á eftir á Suðurnesjum eða 20%. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfallsleg aukning 3% og á Suðurlandi 7%. Í aftasta dálkinum í töflunni má sjá breytingu á röð kjördæma eftir fjölda nýskráninga frá árinu 2002 – 2007. Vesturland fer niður úr öðru sæti árið 2002 í sjöunda sæti nýskráninga á hverja þúsund íbúa árið 2006. Þessar tölur eru viðsnúningur frá nýskráningum á árunum 1997 – 2001 en þá jukust nýskráningar á Vesturlandi um 69% sem var sú mesta borið saman við önnur kjördæmi landsins.

Ef hins vegar er horft á önnur kjördæmi má sjá að höfuðborgarsvæðið fer upp um tvö sæti úr því þriðja í það fyrsta. Suðurnes og Norðurland eystra fara einnig upp um tvö sæti en mesta breytingin er á Norðurlandi vestra en kjördæmið fer upp um 5 sæti í nýskráningum. Vestfirðir falla úr 1. sæti nýskráningar niður í það 5. og Austurland fer úr 3. – 4. sæti niður í það 8.

Meðaltal og leitni


Meðaltals- og leitnitölur eru áhugaverðar í framhaldi af þeirri greiningu sem þegar hefur verið gerð. Þetta eru tölur sem draga saman þessa þróunarferla sem sýndir hafa verið hér að framan í eina tölu. Meðatalið dregur nýskráningar saman í eina tölu yfir allt tímabilið en leitnitalan segir til um hvernig nýskráningar hafa verið að breytast að jafnaði yfir viðkomandi tímabil. Til að reikna meðaltal og leitni fyrir tímabilið var ákveðið að sleppa árinu 2002 þar sem það myndi skekkja myndina, þar sem nýskráningar voru óvenju margar það árið vegna skýringa sem voru nefndar í upphafi.

Meðaltal nýskráninga á hverja þúsund íbúa eftir kjördæmum 2003 til 2006 sýnir að á höfuðborgarsvæðinu eru nýskráningar 11 að jafnaði árlega, 8 á Suðurnesjum, 7 á Vesturlandi og 6 á Suðurlandi. Samkvæmt leitninni er aukningin mest á Suðurlandi, eða 1,41 nýskráning að jafnaði ár hvert. Á höfuðborgarsvæðinu eru þær 0,95 og 0,81 á Suðurnesjum en dragast saman um 0,31 á Vesturlandi.



Mynd 6: Meðaltal og leitni á nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir völdum kjördæmum, árin 2003 til 2006.

Þegar önnur kjördæmi eru skoðuð má sjá að á Vestfjörðum eru að meðaltali 8 nýskráningar á ári, á Norðurlandi vestra eru þær 7 og á Norðurlandi eystra og á Austurlandi eru þær 6. Hins vegar dragast þær saman bæði á Vestfjörðum og á Austurlandi, eða um 0,31 að jafnaði árlega í fyrra kjördæminu og 0,52 í því seinna, en aukast á Norðurlandi vestra um 1,7 og 0,3 á Norðurlandi eystra.



Mynd 7: Meðaltal og leitni á nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir völdum kjördæmum, árin 2003 til 2006.

Samantekt

Mikill samdráttur hefur verið í nýskráningum á Vesturlandi á tímabilinu sem hlýtur að teljast nokkuð áhyggjuefni fyrir kjördæmið. Hlutfallslegur samdráttur í kjördæminu 49% á tímabilinu, fer úr 12,3 skráningum á árinu 2002 niður í 6,3 skráningar á hverja þúsund íbúa árið 2006.

Á fjórum svæðum er samdráttur í skráningum en það eru auk Vesturlands, Vestfirðir, Austurland og Norðurland eystra. Mesti samdrátturinn er á Vestfjörðum en hlutfallslegur samdráttur þar var 53%. Á Austurlandi var hann 49% og á Norðurlandi eystra var hann 13%.

Aukning hefur verið í skráningum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum Suðurlandi og á Norðurlandi vestra. Hlutfallsleg aukning er mest á Norðurlandi vestra eða 32% en þar á eftir á Suðurnesjum eða 20%. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfallsleg aukning 3% og á Suðurlandi 7%.

Breytingar urðu á röð kjördæma eftir fjölda nýskráninga frá árinu 2002 – 2007. Vesturland fer niður úr öðru sæti árið 2002 í sjöunda sæti nýskráninga á hverja þúsund íbúa árið 2006. Þessar tölur eru viðsnúningur frá nýskráningum á árunum 1997 – 2001 en þá jukust nýskráningar á Vesturlandi um 69% sem var sú mesta borið saman við önnur kjördæmi landsins.

Höfuðborgarsvæðið fór upp um tvö sæti úr því þriðja í það fyrsta. Suðurnes og Norðurland eystra fóru einnig upp um tvö sæti en mesta breytingin er á Norðurlandi vestra en kjördæmið fór upp um 5 sæti í nýskráningum. Vestfirðir féllu úr 1. sæti nýskráningar niður í það 5. og Austurland fór úr 3. – 4. sæti niður í það 8.

Lokaorð

Á Vesturlandi hefur verið gott atvinnuástand á sl. árum og miklar framkvæmdir verið bæði hjá opinberum aðilum og einstaklingum sem getur skýrt að einhverju leiti þann mikla samdrátt í nýskráningum á tímabilinu. Atvinnuráðgjafar á svæðinu verða varir við þennan samdrátt á þann hátt að minna hefur verið leitað eftir aðstoð frá einstaklingum vegna stofnunar fyrirtækja. Á Austurlandi er svipaður samdráttur og á Vesturlandi og getur verið að stóriðjuframkvæmdir og gott atvinnuástand hafi þarf neikvæð áhrif á nýliðun. Aukning hefur verið á nýskráningum á Suðurlandi en mikil íbúaaukning hefur verið á svæðinu á tímabilinu. Mikil aukning hefur verið í nýskráningum á Norðurlandi vestra og samkvæmt atvinnuráðgjafa þar liggur aukningin að mestu í að bæði bændur og ferðaþjónustuaðilar hafa í auknu mæli skráð starfsemi sína sem hlutafélag á tímabilinu. Á Suðurnesjum hefur verið mikil aukning en samkvæmt atvinnuráðgjafa á svæðinu liggur aukningin helst í að verktakar eru að skrá starfsemi sína sem hlutafélag.

Fyrr á þessu ári ráðlagði Hafrannsóknastofnun 30% skerðingu þorskveiða á næsta fiskveiðiári sem stjórnvöld ákváðu að fylgja. Staðbundin efnahagsleg áhrif 30% þorskkvótaskerðingar gætu numið um 4,9 milljörðum króna á ári á Vesturlandi. Miðað við þessar niðurstöður er það töluvert áhyggjuefni fyrir Vestlendinga hversu lítil nýliðun fyrirtækja er á svæðinu. Því er vert að fylgjast með þróun nýskráninga á svæðinu, greina þær og leita skýringa á því hvað liggur að baki þeirri þróun.